

Ályktun

Akranesi, 27. janúar 2011

Samstöðufundur starfsmanna Elkem Ísland og Klafa ehf mótmælir því takmarkalaus ábyrgðarleysi sem Samtök atvinnulífsins sýna þessa dagana gagnvart íslenskum launþegum.

Það er svívirða af verstu sort af hálfu Samtaka atvinnulífsins að ætla að taka kjarasamningsbundinn rétt launafólks í herkví í óákveðinn tíma vegna ágreinings útvegsmanna við stjórnvöld vegna fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Er þetta þakklætið sem Samtök atvinnulífsins senda íslenskum launþegum sem voru þvingaðir til fresta og afsala sér sínum umsömdu launahækkunum á árinu 2009 í kjölfar stöðugleikasáttmálans sáluga.

Fundurinn hafnar alfarið samræmdri launastefnu sem virðist byggjast á þriggja ára samningi með afar hófstílltum launahækkunum, algjörlega óháð getu hvernar atvinnugreinar fyrir sig. Það liggur fyrir að rekstrarskilyrði útflutningsfyrirtækja hafa verið afar góð um allanga hríð vegna gengisfalls íslensku krónunnar.

Á þeirri forsendu krefst fundurinn þess að útflutningsfyrirtæki skili þeim ávinningi að einhverju leiti til sinna starfsmanna og þeirri gríðarlegu kaupmáttarskerðingu sem starfsmenn hafa mátt þola frá byrjun árs 2008.

Fundurinn lýsir yfir furðu sinni varðandi það miskunnarlaus ábyrgðarleysi Samtaka atvinnulífsins að ætla að stefna rótgrónum stöðugleika stóriðjufyrirtækja á Grundartanga í stórhættu vegna ágreinings um fiskveiðistjórnunarkerfið. Einnig varðandi þá afstöðu að meina útflutningsfyrirtækjum að semja um neitt annað er lítur að samræmdri launastefnu.

Samstöðufundur Elkem og Klafa lýsir yfir fullum stuðningi við samninganefndir sínar í þeirri erfiðu vinnu sem nú er framundan og eru fundarmenn tilbúnir til að mæta þessu ofbeldi SA af fullri hörku.